



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á hátíðarsamkomu í tilefni af
hálftrar aldar afmæli Húsavíkurkaupstaðar
22. júlí 2000**

Heiðruðu Húsvíkingar.
Góðir gestir.

Hér er fögur fjallasýn,
fangar augað dásemd slík.
Þegar sól úr suðri skín
svíkur engan – Húsavík.

Svona orti Egill Jónasson um ykkar góða bæ og var snjall að vanda. Það er sannarlega fallegt hér undir Húsavíkurfjallinu, víðsýni um bláan Skjálfandaflóa yfir til hárra fjalla. Búsældin skammt undan og fengsæl mið sem löngum hafa reynst húsvískum sjómönnum drjúg; blómlegar sveitir og höfuðbýli þó margt sé að breytast í breiðum byggðum frá því að samvinnuhreyfingin sleit barnsskóm á þessum slóðum og þingeyskir bændur voru í fararbroddi.

Opið haf og heiðkvöld skær
þér himinn gaf.
Glóir vafinn Garðars bær
í geislatraf.

Þannig minnti skáldkonan Hulda okkur á að hér hafði Garðar Svavarsson vetursetu fyrstur norrænna manna, kom að tilvísan framsýnnar móður sinnar eins og segir í Landnámu, sigldi umhverfis landið og “vissi að

það var eyland. Hann var um veturinn norður í Húsavík á Skjálfanda og gerði þar hús.”

Húsavík er einnig gamall kirkjustaður og byggð lengi samfelld þó þéttbýli hér sé ungt á mælikvarða Íslandsbyggðar. Á fyrri tíð var hér stundum viðkomustaður erlendra kaupmanna sem vildu ná til sveitanna í nágrenni víkurinnar en þó helst þegar saga byggðarinnar og brennisteinsins sem víða má vinna í námum hér nærri fléttuðust saman. Þá sögu má lesa í fróðlegri ritgerð Sæmundar Rögnvaldssonar þar sem lýst er vinnslu og útflutningi brennisteins um aldir. Sú iðngrein náði fyrst hápunkti á sextánda öld þegar brennisteinn var eftirsótt og dýr vara til púðurgerðar, en ríkismenn í Evrópu þurftu oft mikið púður til að herja á granna sína og reyndar stundum á þegnana þó sú saga verði ekki rakin hér á hátíðisdegi. Nú má kannski segja að hinn fíngerði kísilgúr hafi leyst brennisteininn af hólmi þannig að enn fer um Húsavíkurhöfn dýr og eftirsóttur varningur unninn í nágrenninu.

Hér var fastur verslunarstaður lengstaf á einokunartíma og eftir umkvörtun þingeyskra bænda til konungs árið 1614 hófust hingað siglingar og settur niður kaupmaður til að höndla með mjöl. Svo komu danskir kaupmenn við misjafnar vinsældir landsmanna eins og lesa má í kvæði Skagfirðingsins Björns Jónssonar á Skarðsá sem orti svo um einn hinna fyrstu einokunarkaupmanna á Húsavík:

Öl slæmt, armt mjöl,
aum klæði, stika naum,
treg útlát, vond vog,
vöruspilling, afsvör.

Hér er því sagan löng og merk. Og nú er þess minnst að hálf öld er liðin síðan þingmaður Suður-Þingeyjarsýslu, Karl Kristjánsson, kempa mikil og vitmaður sem ég kynntist ungur, flutti um það frumvarp að Húsavík fengi formlega bæjarréttindi og var það samþykkt greiðlega á Alþingi 30. desember 1949. Fyrsti bæjarstjórnarfundurinn var svo haldinn 31. janúar 1950 og sjálfsagt var talið að fyrsti bæjarstjórinn yrði Karl Kristjánsson alþingismaður. Má segja að hann hafi farið léttilega með að vinna hvorutveggja enda þá tíðarandi og annir í trúnaðarstörfum með öðrum brag en nú.

Margir hafa minnst Húsavíkur í ræðu og riti, lýst litríku samfélagi og merkum mönnum sem sumir áttu þátt í að móta þær hreyfingar sem settu mark á íslenskt þjóðlíf. Má til dæmis nefna Benedikt á Auðnum sem réð ríkjum á sýslubókasafninu á sínum efri árum, og hélt þar þeim sið hinna upplýstu alþýðuleiðtoga í Þingeyjarsýslu að tryggja ætíð hinn besta bókakost, hið nýjasta í erlendum og innlendum bókmenntum; hann keypti aldrei inn í safnið vonda bók, segir Sveinn Skorri Höskuldsson einhvers staðar. Og hún er sérstæð lýsingin á Benedikt sem Stefán Jónsson skráði svo snilldarlega í minningabók sinni:

“Og þarna var hann sem sagt fyrir innan borðið, pínulítill, ævafor og skorpinn, skeggjaður og mjóróma karl, sem ekki fékkst orða bundist um það er lauk Tarsanstúderingum mínum og lýsti fyrir mér vegferðinni, sem mér væri búin, ef ég héldi áfram að lesa eintóma djöfulsins vitleysu. Ég sagði honum að mér þætti Tarsan skemmtilegur. Þá sagði hann, að höfundur þessara bókmennta hefði skrifað þær handa breskum skríl, og þær væru svo lélegar, að andskotinn gæti ekki einu sinni notað þær í eldsneyti í helvíti. Ég hlýddi á hann með óskiptri athygli, því aldrei fyrr né síðar heyrði ég annan eins blótsyrðaflaum borinn fram, svo skrækum rómi út úr jafn skorpnu andliti.”

En það tókust með þeim kynni góð og Benedikt kom Stefáni á bragð góðra bókmennta eins og mörgum öðrum. Og þess minnst líka hinn virti fræðimaður og granni ykkar Húsvíkinga, Jónas Kristjánsson fyrrverandi forstöðumaður Árnastofnunar, að þegar hann kom á safnið hér á Húsavík ungur piltur og fékk lánaða bók hjá Bensa, var hún á dönsku sem Jónas hafði þá aldrei lært. Einhvern veginn komst hann þó í gegnum bókina alla en það var ekki fyrr en löngu seinna að hann áttaði sig á því að hún hafði verið eftir ungt og upprennandi skáld Danaveldis sem skrifaði á sérkennilegri jóskri mállýsku sem Jónas hélt ungur að væri gullaldardanska. Þannig komust margir hér á Húsavík á bragð hinna alþjóðlegu og stóru bókmennta sem voru eins og sjálfsagðar fyrir hina þingeysku hástétt menningarinnar.

Húsavík hefur vaxið og dafnað þá hálfu öld sem nú er fagnað. Þó ekki sé hér lengur skipað út brennisteini í púður handa bardagafúsum konungum og keisurum í Evrópu kunna Húsvíkingar enn vel þá list að gera sér góðan mat úr aðstæðum sínum, nýta vel þá góðu kosti sem hér má finna. Nú er siglt í rómaðar hvalaskoðunarferðir út á Skjálfanda og lengra norður í Atlantshaf og velflestir ferðamenn sem hingað koma njóta kvöldsólar í endalausum bláma á víðerni hafsins og frábærrar landsýnar. Húsavík hefur þannig skipað

sér í framvarðarsveit í ferðapjónustu landsbyggðarinnar með nýstárlegum kostaboðum til gesta okkar, framtaki sem hlotið hefur alþjóðlega viðurkenningu og athygli.

Húsavík er áfram bær mennta og menningar. Hér stendur listalíf með langa sögu traustum fótum, ritlistin sem fært hefur þjóðinni nýstárleg verk, tónlist af öllum toga og leiklist sem rómuð er langt út fyrir byggðarmörkin. Hér er glæsilegt safnahús sem fræðimenn og aðrir gestir kunna vel að meta. Þið hafið og kappkostað að mennta vel æskuna sem við mun taka, búa hana undir iðukast hinna breyttu tíma.

Ég óska ykkur Húsvíkingum til hamingju með góðan bæ og glæsilega afmælishátíð og þakka ykkur fyrir þá vinsemd að bjóða mér að vera með ykkur á hátíðardegi. Megi Húsavík áfram farnast vel á nýrri öld.